ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR **2018/EES/22/07**
nr. 213/2016

frá 28. október 2016

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1006 frá 22. júní 2016 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 255/2010 að því er varðar ákvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem um getur í 1. mgr. 3. gr. ([1]).

2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66wi (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 255/2010) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32016 R 1006**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1006 frá 22. júní 2016 (Stjtíð. ESB L 165, 23.6.2016, bls. 8).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2016/1006, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. október 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ([*]).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsin*s og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. október 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Bergdís Ellertsdóttir

formaður.

([1]) Stjtíð. ESB L 165, 23.6.2016, bls. 8.
([*]) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.